



Umhverfis- og skipulagsráð

Reykjavík, 3. febrúar 2023

Mál: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um bætt útsýni í Reykjavík fyrir borgarbúa – US220310

Vísað er til tillögu áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um bætt útsýni í Reykjavík fyrir borgarbúa, sem lögð var fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 14. desember 2022, sbr. 25. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 30. nóvember 2022. Í tillögunni segir: „*Umhverfis- og skipulagssvið samþykkir að ný viðmið verði sett í aðal- og deiliskipulagi. Þau feli í sér að eftir því sem byggingar færist nær strandlengju þeim mun lægri skuli þær vera. Með því að láta háar byggingar standa fjær strandlengju og þær lægri nær tryggjum við að sem flestir hafi útsýni frá heimili sínu. Þetta verði tryggt í öllum nýbyggingum í hverfum borgarinnar.*“ Í greinargerð með tillögu kemur eftirfarandi fram: “*Á síðustu árum hefur það aukist mjög að háar byggingar séu reistar næst sjávarsíðunni. Þetta skyggir á önnur íbúðarhúsnæði sem höfðu útsýni fyrir. Við höfum dæmi um þetta á Kirkjusandi þar sem nýjar blokkir skyggja á útsýni og lægri blokkir frá Bjargi íbúðafélagi eru látnar dvelja í skugganum án útsýnis. Auðveldlega væri hægt að fyrirbyggja þetta með því að gera þetta öfugt; byggja háar byggingar fyrir aftan þær lægri og fjær sjó. Allir græða á þessu vegna þess að fleira fólk mun hafa útsýni.*“

Hægt er að taka undir það megin sjónarmið að sem flestir geti notið útsýnis frá sínu heimili. Vert væri að ávarpa það með skýrari hætti í stefnumörkun borgarinnar í skipulagsmálum; sem almennt markmið í aðalskipulagi eða stefnuákvæði í væntanlegri borgarhönnunarstefnu. Ljóst er að misvel hefur verið hugað að þessu í ýmsum skipulagsverkefnum í fortíðinni og er skipulag Skuggahverfis, sem grunnur var lagður að á 9. áratug síðustu aldar, oft nefnt í þessu samhengi. Það liggur hinsvegar fyrir að erfitt getur verið að tryggja mikið og fjölbreytt útsýni frá meginþorra íbúða í þéttri borgarbyggð, ekki síst þar sem ekki er hægt nýta landhalla til að tryggja útsýni. Einnig þarf að huga að fjölmörgum öðrum sjónarmiðum við formun og skipulag nýrrar íbúðarbyggðar, s.s. nálægð við lágrestari íbúðarbyggð (sbr. að lægstu húsin á Kirkjusandi standa næst lágrestari byggð við Laugarnesveg) og að þéttasta byggðin og hærri hús liggi næst samgönguásum eða atvinnukjörnum. Þá heyrast líka sú gagnrýni að byggðin eigi þvert á móti ekki að fjara út til jaðrana í átt að opinni náttúru með lágrestari sérbýlishúsabyggð (íbúðir í hæsta verðflokki), heldur eigi þétt fjölbýlishúsabyggð (sem rúmar jafnan fjölbreyttari félagshópa) að njóta mestrar nálægðar við græna útivistarása og njóta þar með meira útsýnis.

*Lagt er til að tillögu sé vísað til vinnuhóps um borgarhönnunarstefnu.*

Haraldur Sigurðsson